

Mál nr. 162/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.**

Stúlka á gúmmíslöngu féll ofan í skurð þann 29.10.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.9.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þrjú ungmenni, um 15 ára gömul, þ. á m. málskotsaðili (hér eftir nefnd M), höfðu verið að renna sér saman á stórrí gúmmíslöngu niður hól. Fyrir neðan hólinn hafði verið grafinn skurður og að því er ætla má hefur hann verið um 1m á breidd og 1 m á dýpt. Fyrir neðan hólinn mun vera byggingasvæði og hafði skurðurinn verið grafinn til að koma fyrir rafmagnsköplum fyrir lýsingu á svæðinu. Snjóföln hefur væntanlega verið á hólnum, en víða glitti í jarðveg í hólnum og neðan við hann að því er segir í lögregluskýrslu. Er ungmennin renndu sér niður hólinn lentu þau á uppgreftrinum og síðan ofan í skurðinum. Hlaut M áverka m.a. í andliti og viðbeinsbrot.

Verktakafyrirtækið V hafði með höndum framkvæmdir við skurðinn. Í lögregluskýrslu kemur fram að eftir slysið hafi verið haft samband við V í því skyni að ráðstafanir yrðu gerðar varðandi merkingar við þá skurði sem grafnir höfðu verið.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur viðurkennt bótaábyrgð V á tjóninu að helmingi, en að M verði að bera tjón sitt sjálf að helmingi vegna eigin sakar.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að merkingum við umræddan skurð hafi verið ábótavant og er reyndar óumdeilt. Slysið má að nokkru leyti rekja til þessa. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að ungmennin hafi verið að renna sér í sérstaklega skipulagðri sleða- eða skíðabrekku. Ungmennin renndu sér niður hólinn á gúmmíslöngu sem erfitt getur verið að stjórna og er ekki sérstaklega útbúin til að renna sér á eins og sleðar og skíði. Var nauðsynlegt að ungmennin, sem í hlut áttu, könnuðu gaumgæfilega allar aðstæður og hættur sem í því fólust að renna sér með þeim hætti sem þau gerðu, en aldurs vegna áttu þau að geta metið aðstæður. Á þessu hefur orðið misbrestur sem virða ber þeim til gáleysis, þ. á m. M. Verður hún því að bera sjálf ábyrgð á tjóni sínu að nokkru og eftir atvikum öllum þykir rétt að ábyrgð hennar nemi helmingi. Á hún því rétt á að tjón hennar bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Í málinu gerir M kröfu um að úrskurðað verði um þóknun til lögmanns síns, samtals 112.050 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, fyrir að reka erindi hennar fyrir úrskurðarnefnd. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu og ágreining varðandi ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, svo og bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Fyrir nefndinni er ekki er leyst úr öðrum ágreiningsmálum en hér hafa

verið talin. Krafa M varðandi þóknun til lögmanns síns fullnægir ekki þeim skilyrðum að úrskurðað verði um hana. Henni er því vísað frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktá fyrir nefndina.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Kröfu um að úrskurðað verði um þóknun til lögmanns M er vísað frá.

Reykjavík, 30. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.